



norden

Áætlun um að kynna og skapa Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi

2015–2018

**NORRÆNA
SJÓNARHORNID**

**Áætlun um að kynna og skapa Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi
2015–2018**

ISBN 978-92-893-3939-1 (PRINT)

ISBN 978-92-893-3940-7 (PDF)

<http://dx.doi.org/10.6027/ANP2015-709>

ANP 2015:709

© Norræna ráðherranefndin 2015

Umbrot: Erling Lynder

Prentun: Rosendahls-Schultz Grafisk

Upplag: 400

Printed in Denmark



www.norden.org/is/utgafa

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18

DK-1061 København K

Telefon (+45) 3396 0200

www.norden.org

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið nær til Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands.


Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið að því að styrkja stöðu Norðurlanda í sterkri Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að efla norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja stöðu Norðurlanda og skipa þeim meðal þeirra svæða í heiminum þar sem nýsköpun og samkeppnishæfni er mest.

Áætlun um að kynna og skapa Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi

2015–2018

Formáli	5
1. Bakgrunnur	7
1.1 Forsætisráðherrarnir	7
1.2 Framtíðarsýn samstarfsráðherranna	7
1.3 Nordic Cool	7
1.4 Undirbúningsrannsókn	8
2. Áætlun um að kynna og skapa Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi	9
2.1 Markmið áætlunarinnar	9
2.2 Sameiginlegur grundvöllur	10
2.3 Skýringarmynd af norræna sjónarhorninu	11
3. Frásögn um Norðurlönd	13
4. Notkun áætlunarinnar	16
4.1 Áherslusvið í kynningarstarfi	16
4.2 Landfræðileg áherslusvæði	19
5. Markhópar	20
6. Markmið	21
7. Forsendur fyrir árangursríkum verkefnum og starfsemi	22
8. Fjárhagsáætlun	23
9. Tímaáætlun og framkvæmd	24
9.1 Tímaáætlun fyrir framkvæmdina	24
10. Hagnýt verkfæri	25



Formáli

Norðurlönd hafa aðdráttarafl. Um langt skeið hafa norræn sérkenni á sviði matargerðar, hönnunar, kvikmyndagerðar, tónlistar og bókmennta aflað Norðurlöndunum viðurkenningar á alþjóðavettvangi. Afrekin hafa verið unnin í öllum norrænu löndum og mörg þeirra bera norræn einkenni – eru norræn merkjavara.

Norðurlönd mörkuðu sér þó fyrst fyrir alvöru stöðu á alþjóðavettvangi í kjölfar efnahagshrunsins.

Þá sýndi norræna stjórnkerfis- og velferðarlíkanið enn einu sinni getu sína til endurnýjunar. Sum af helstu efnahagsveldum heims fóru að ræða hvort líkanið okkar geti verið höggdeyfir og aukið stöðugleika í efnahagslífi heimsins þar sem ríkir sífellt meira óöryggi.

En við Norðurlandabúar stöndum líka frammi fyrir ýmsum erfiðum úrlausnarefnum. Við erum fjarri því að vera fullkomin og kannski er það einmitt ófullkomleikinn sem gerir okkur áhugaverð.


Jafnframt lendum við í efstu sætum þegar gerðar eru alþjóðlegar samanburðarrannsóknir á gagnsæi, trausti, jafnrétti, umhverfismálum og hamingju. Þessum gæðum viljum við deila með öðrum heimshlutum, auk hagnýtra sjónarmiða okkar í stjórnmálum, þunglyndislegra sakamálasagna og sterkra kvenímynda.

Þess vegna hafa forsætisráðherrar Norðurlanda ítrekað lýst því yfir að þeir vilji að Norðurlönd marki sér í auknum mæli stöðu á alþjóðavettvangi. Norrænu löndin hafa um árabil hvert um sig unnið að árangursríkum kynningarverkefnum. En á grundvelli þeirrar skoðunar forsætisráðherranna að við séum sterkari saman viljum við nú kynna Norðurlöndin sameiginlega.

Ef við tökum höndum saman erum við ekki bara sterkari á pólitískum og efnahagslegum vettvangi. Í sameiningu getum við líka stuðlað betur að þróun á heimsvísu og kynni okkar af heiminum geta um leið hjálpað okkur að þróast.

Markmiðið er ekki að gefa einsleita mynd af norrænu löndunum og gefa til kynna að allir íbúar, samtök og ríkisstjórnir Norðurlanda hugsi og hegði sér eins. En í stað þess að leggja áherslu á sérkenni einstakra landa viljum við efla það sem við eigum sameiginlegt, gildi okkar og menningu sem á rætur að rekja til sameiginlegrar sögu.

Með því að koma skipulagi á og auka sýnileika Norðurlanda á alþjóðavettvangi markar kynningaráætlunin upphaf nýs og sögulegs samstarfs Norðurlanda.



Dagfinn Høybråten
Framkvæmdastjóri
Norrænu ráðherranefndarinnar



Eygló Harðardóttir
Samstarfsráðherra
Norðurlanda

1. Bakgrunnur

Að ósk samstarfsráðherra Norðurlanda hefur skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar, eftir að hafa leitað umsagnar víða í umheiminum, í opinbera geiranum og einkageiranum í norrænu löndunum og í innra samstarfsneti norræns samstarfs, mótað áætlun um að kynna og marka Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi. Norræna ráðherranefndin mun hafa umsjón með og samhæfa vinnu að áætluninni í samráði og samstarfi við löndin.

Í áætluninni koma fram nokkur stefnumótunarviðmið um það hvernig kynna eigi Norðurlönd og norræna hagsmunaaðila á alþjóðavettvangi. Öllum er frjálst að nýta hana, einnig aðilum utan formlegs samstarfs Norðurlanda.

1.1 Forsætisráðherrarnir

Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda við Mývatn 27. maí 2014 sögðust þeir binda miklar vonir við aukna norræna samhæfingu og sýnileika og lögðu meðal annars áherslu á að unnið yrði að *svæðisbundinni markaðssetningu* í því skyni að efla samkeppnishæfni Norðurlanda og auka möguleika þeirra á að hafa áhrif á alþjóðavettvangi.

1.2 Framtíðarsýn samstarfsráðherranna

Í yfirlýsingu samstarfsráðherranna um framtíðarsýn fyrir norrænt samstarf, *Saman erum við öflugri*,¹ er talað um nýsköpun, sýnileika og opin Norðurlönd sem mikilvæg sérkenni samstarfsins. Einnig er bent á að sameiginleg reynsla Norðurlanda geti haft mikla þýðingu nú þegar mikilvægi svæðisbundins samstarfs er að aukast í heiminum. Framtíðarsýnin byggir á eftirfarandi fjórum stöðum:

- *Norðurlönd án landamæra.*
- *Nýskapandi Norðurlönd.*
- *Sýnileg Norðurlönd.*
- *Opin Norðurlönd.*

1.3 Nordic Cool

Reynslan af stórviðburðinum Nordic Cool í Washington D.C. í Bandaríkjunum árið 2013 var meginástæða þess að löngun vaknaði til að standa fyrir fleiri kynningarverkefnum með þátttöku ýmissa aðila frá Norðurlöndum. Samtímis því að menningarviðburðir með mikið kynningargildi voru haldnir í Kennedy-miðstöðinni voru haldnir fjölmargir viðburðir sem kynntu það sem Norðurlönd geta lagt af mörkum til nýsköpunar og stjórnmála. Sökum þess hve mikil fjölmiðlaumfjöllunin varð urðu áhrifin víðtæk. Einnig var dreginn sá lærdómur að stórir

¹ *Norðurlönd – Saman erum við öflugri*, framtíðarsýn samstarfsráðherra Norðurlanda fyrir norrænt samstarf (2014).

sameiginlegir viðburðir eru tímafrekir og dýrir í framkvæmd,² og að grundvallaratriði er að setja þá í stærra samhengi.

1.4 Undirbúningsrannsókn

Í niðurstöðum viðamikillar undirbúningsrannsóknar sem gerð var veturinn 2013–2014 voru Norðurlönd hvött til þess, líkt og í framtíðarsýn samstarfsráðherranna, að mynda kynningarteymi með þátttöku fulltrúa frá Norðurlöndum og utan þeirra, og hvort tveggja opinberra aðila og einkaaðila. Undirbúningsrannsóknin sýndi að viðtækur stuðningur var við gerð kynningaráætlunar.³ Slík áætlun getur:

- *gert að verkum að Norðurlönd verði kynnt með samræmdum hætti*
- *vakið athygli á og gert sameiginlegan boðskap landanna skýrari.*

Aðrar röksemdir úr undirbúningsrannsókninni og öðru starfi sem unnið var til að skýra af hverju móta ætti áætlun og hvers vegna ætti að gera það nú:

- *Í umheiminum er litið á Norðurlönd sem eina heild, þeim mun meir eftir því sem landfræðileg fjarlægð frá Norðurlöndum er meiri.*
- *Í umheiminum fer vitundin um Norðurlönd og norræna líkanið vaxandi.* Álit á Norðurlöndum hefur aukist vegna þess hvernig tekið hefur verið á fjármálakreppunni frá árinu 2008, vegna annarra ráða sem gripið hefur verið til í velferðarmálum og vegna góðs árangurs í menningarmálum, skapandi greinum og nýsköpun.
- *Hvort tveggja hjá hinu opinbera og í einkageiranum á Norðurlöndum er mikill áhugi á að vinna saman að kynningarstarfi til þess að ná meiri árangri.*
- *Norðurlönd raða sér að jafnaði í efstu sæti alþjóðlegra samanburðarrannsókna sem mæla gagnsæi, umburðarlyndi og traust. Þegar alþjóðlegir fjölmiðlar fjalla um þetta er það nánast undantekningarlaust sett í norrænt samhengi.*
- *Í því skyni að standa vörð um styrk norræna vörumerkisins, koma boðskapnum á framfæri og ná þeim markmiðum sem stefnt er að þurfum við að taka yfir stjórnina á vörumerkinu, vinna með það með virkum hætti og kynna alltaf samræmda og skýra mynd.*

² Utvärdering av kommunikationseffekter Nordic Cool 2013, Gullers Grupp (2013).

³ En förstudie kring behovet av en gemensam nordisk varumärkesstrategi, Upplýsingadeild Norrænu ráðherranefndarinnar og Happy Forsman & Bodenfors.

2. Áætlun um að kynna og skapa Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi

Umheimurinn skilgreinir Norðurlönd oft sem eina heild.⁴ Myndin af Norðurlöndum er jákvæð, að miklu leyti vegna þess að við á Norðurlöndum virðumst hafa fundið lausnir á efnahagslegum og pólitískum viðfangsefnum sem við og önnur lönd glímum við. *Norræna líkanið* er orðið viðtekið hugtak. Hvert norrænu landanna hefur búið til sitt eigið líkan samhliða því að taka þátt í víðtæku og föstu samstarfi.

Hvort Norðurlönd geti haldið áfram að þróast á jákvæðan hátt er háð því sem gerist í umheiminum og því að aðrir sýni okkur áhuga. Það er sjálfum okkur í hag að leggja af mörkum til okkar eigin framtíðar og framtíðar annarra með því að skiptast á hugmyndum, kunnáttu, reynslu, þjónustu og vörum.

Samkeppnin um að marka sér stöðu á alþjóðavettvangi er hörð og *lítil ríki* á borð við Norðurlönd geta *orðið sýnilegri og haft meiri áhrif ef þau taka höndum saman*. Með samræmdu kynningarstarfi í sameiginlegu átaki er hægt að ná samlegðaráhrifum fyrir opinbera geirann og/eða einkageirann í viðkomandi löndum.

Í áætluninni um að kynna og marka Norðurlöndum stöðu er að finna ýmsar *viðmiðunarreglur um það hvernig kynna eigi Norðurlönd og hagsmunaaðila á Norðurlöndum á alþjóðavettvangi*. Hún er fyrsta skrefið í langtímaátaki sem miðar að því að skipuleggja og tryggja samræmda kynningu Norðurlanda. Hún er jafnframt *verkfæri til afnota fyrir aðra* til að auðvelda þeim að starfa saman að sameiginlegum markmiðum, þegar slíkt samstarf skilar auknum ávinningi fyrir viðkomandi aðila. Alþjóðastarf fer fram af ýmsum öðrum ástæðum en til að kynna eða marka löndum stöðu, til dæmis er unnið að formlegum samskiptum ríkja, skiptum á reynslu og fleira. Þessi áætlun gildir ekki um það starf.

Áætlunin gildir fyrir tímabilið 2015–2018. Að því loknu verður gerð ítarleg úttekt sem á að skila sér í tillögum sem samstarfsráðherrar Norðurlanda (MR-SAM) taka afstöðu til. Minniháttar breytingar verða gerðar árlega eftir þörfum. Ákvörðun um þær verður tekin af embættismannanefnd samstarfsráðherra Norðurlanda (NSK).

2.1 Markmið áætlunarinnar

Efla á samkeppnishæfni og áhrif Norðurlanda og norrænu ríkjanna á alþjóðavettvangi með samhæfðu kynningarstarfi í sameiginlegu átaki.

4 Sama heimild.

Nýta þarf og ýta undir þá jákvæðu athygli sem Norðurlönd og norrænu ríkin njóta á alþjóðavettvangi með því að *nota Norðurlönd í auknum mæli sem hugtak*, ekki síst á þeim mörkuðum þar sem vitundin um Norðurlönd er meiri en um einstök norræn ríki. *Aukinn fjöldi samhæfðra aðgerða* á einnig að styrkja þau tengsl sem þegar eru fyrir hendi á þeim svæðum sem nær liggja. Áætlunin á að einfalda og bæta starf að því að kynna og marka Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi. Hún á að skýra til hvers unnið skal að kynningu, veita stuðning og vísa til hagnýtra verkfæra sem aðgengileg verða öllum samstarfsaðilum.

2.2 Sameiginlegur grundvöllur

Með sameiginlegu norrænu átaki getur hvert norrænt land eða norrænn aðili sagt frá því sem Svíi, Dani, Norðmaður, Finni, Íslendingur, Álendingur, Færeyingur eða Grænlandingur getur í raun og veru ekki sagt einn. Það er til dæmis hægt að kynna sig sem hluta af sterku svæði þar sem 26 milljónir manna búa, þar sem er mikið og fjölbreytt atvinnulíf og menning, svo ekki sé nefnd fjölbreytt og heillandi náttúra.

Einmitt í þessu sambandi er hægt að lýsa Norðurlöndum sem vörumerki, með öðrum orðum þeirri heildarmynd sem verður til úr hugmyndatengslum, tilfinningum, reynslu og væntingum viðtakandans. Enginn, heldur ekki lönd eða svæði, getur í raun og veru ráðið ímynd sinni. Enn síður í gagnsæju, hröðu og sífellt meira stafrænu samskiptamynstri nútímans. Það verður að vinna fyrir henni. Til að hægt sé að eiga sjálfbær langtímasamskipti við önnur lönd verður það sem boðið er upp á að vera raunverulegt. Maður verður að vera það sem maður segist og vill vera.

Það sem bindur norrænu löndin saman er einmitt það sem gefur þann kraft sem þarf til að vekja áhuga umheimsins. Eftir að hafa starfað náið saman og með góðum árangri um árabil er hugsanlegt að við á Norðurlöndum lítum á sameiginlega styrkleika okkar sem sjálfsagðan hlut. Í áætluninni um að kynna og marka Norðurlöndum stöðu, sem stýrir því hvernig við miðlum því hver við erum og hvað við viljum, er engu að síður *mikilvægt að segja frá þeim sameiginlegu kostum sem við teljum okkur hafa í samanburði við umheiminn*.

Hvernig á að skýra það að Norðurlönd koma eins vel út og raun ber vitni í alþjóðlegum samanburðarrannsóknum á samkeppnishæfni,⁵ lífsgæðum⁶ og jafnrétti?⁷ Og hvernig stendur á því að áhuginn á norrænum sköpunarkrafti og menningu er svona mikill einmitt núna? Umheimurinn er forvitinn um Norðurlönd og um það hvernig okkur hefur tekist að taka framförum og ná góðum árangri á erfiðum tímum.⁸ Hvað liggur að baki? Hvað er það sem við gerum?

Á skýringarmyndinni á næstu síðu höfum við tekið saman ýmsa þætti sem bent var á í tengslum við víðtækt umsagnarferli um áætlunina. Einnig má líta á skýringarmyndina sem gátlista yfir þau sjónarhorn sem við viljum kynna í upplýsingastarfi okkar og í samskiptum okkar við umheiminn. Hvert um sig eru þau hvorki einstök né byltingarkennd en saman lýsa þau norrænum hugsunarhætti. Við köllum það *norræna sjónarhornið*.

5 *The Global Competitiveness Report 2014–2015*, World Economic Forum (2014).

6 *Quality of Life Index*, The Economist Intelligence Unit (2014).

7 *The Global Gender Gap Report 2013*, World Economic Forum (2013).

8 *En förstudie kring behovet av en gemensam nordisk varumärkesstrategi*, Upplýsingadeild Norrænu ráðherranefndarinnar og Happy Forsman & Bodenfors (2014).

2.3 Skýringarmynd af norræna sjónarhorninu

BAKGRUNNSPÆTTIR

LANDAFRÆÐI

- Stór landsvæði.
- Strjálbýli.
- Skógar, fjöll, akrar.
- Umlukin hafi.
- Erfitt loftslag.
- Dimmir vetur.
- Sterk birta á sumrin.

SAMFÉLAG

- Víðtækt félagslegt öryggisnet og velferðarþjónusta.
- Ókeypis menntun fyrir alla borgara.
- Góð og jöfn lífskjör.
- Jafnrétti hvað varðar atvinnuþátttöku.
- Öflugt borgaralegt samfélag.
- Hátæknivætt og sérhæft atvinnulíf.
- Ríkið leggur mikið fjármagn í rannsóknir og þróun.

SAGA

- Langvarandi friður á Norðurlöndum (200 ár).
- Hefð fyrir grasrótarstarfi.
- Norrænt samstarf á sér langa sögu:
 - Vinnumarkaður.
 - Vegabréfasambandið.
 - Samhæfðar lausnar varðandi félagslegt öryggi.
- Lítil samfélög gera að verkum að valdapíramídar eru flatir.
- Löng hefð fyrir iðnaði, nýsköpun og frumkvöðlastarfi.

MENNING

- Náttúran skipar veigamikinn sess í
 - bókmenntum
 - listum
 - byggingarlist.
- Norræn sköpunargáfa vekur athygli
 - Nordic Noir.
 - Nordic Cuisine.
 - Nordic Design.

Styrkleikar sem við viljum koma á framfæri



3. Frásögn um Norðurlönd

Skýringarmyndin af norræna sjónarhorninu lýsir sameiginlegum grundvelli sem samanstendur af sameiginlegum styrkleikum Norðurlanda í formi einkenna og gilda. Þetta er einnig hægt að skýra með frásögn. Slík frásögn getur verið innblástur fyrir fulltrúa og talsmenn Norðurlanda sem þurfa að miðla því hvað Norðurlönd standa fyrir og hvað við kunnum og viljum hvað varðar umheiminn.

Frásögnin er stutt og þess vegna líka einfölduð. Hægt er að þróa hana og samtvinna eigin boðskap.

Norræna sjónarhornið

Á norðurhluta norðurhvels jarðar býr tiltölulega lítill hópur fólks á stórum landsvæðum í námunda við hafsvæði sem eru ennþá stærri. Þannig er hægt að lýsa Norðurlöndunum fimm; Svíþjóð, Danmörku, Noregi, Finnlandi og Íslandi, og Grænlandi, Færeyjum og Álandseyjum, þar sem búa samtals 26 milljónir manna. Til að gefa heildstæða mynd verður að bæta því við að löndin hafi í sameiningu þróast í það að verða velferðarsamfélög og skipað sér í flokk helstu hagkerfa heims.

Erfitt loftslag með löngum og dimmum vetrum, en jafnframt sterk sumarbirta og gnægtaborð sjávar, skóga, fjalla og akra, hefur mótað sérstæð tengsl Norðurlandabúa við náttúruna. Löngun eftir rými og andrými á sjó, á fjöllum eða í skógunum, hefur mótað það verndunarsjónarmið sem er ríkjandi í nútímanum gagnvart umhverfinu og auðlindum náttúrunnar.

Á Norðurlöndum nútímans leitum við að sjálfbærum lausnum á sviði umhverfistækni. Þessi sjálfbærni hugsun hefur einnig áhrif á afstöðuna til heilbrigðis og matvæla. Þeir sem koma til Norðurlanda í því skyni að starfa, rannsaka eða mennta sig finna það hversu mikla áherslu atvinnulífið og samfélagið í heild leggur á möguleikana á að fá að lifa mannvænu lífi í góðu jafnvægi þar sem tími gefst hvort tveggja til starfsframa og félagslegra tengsla. Og við vonumst til þess að þeir sem koma hingað sem ferðamenn verði erindrekar norrænnar náttúru og menningar.

Tengslin við náttúruna, við þau skilyrði sem hin norræna víðátta skapar, eru jafnframt fyrirferðarmikil í bókmenntum, tónlist, myndlist, hönnun og byggingarlist. Listir og sköpunargáfa gegna nú meginhlutverki í að vekja athygli á Norðurlöndum á alþjóðavettvangi. Það á við hvort tveggja um það sem er sígilt norrænt og það sem

hefur mótast af hinum nýju, nútímalegri og fjölmenningslegri Norðurlöndum. Eftirspurnin hefur aldrei verið meiri eftir því sem stundum er nefnt „Nordic Noir“ í bókmenntum og kvikmyndum.

Því fer fjarri að sameiginleg saga okkar sé með öllu laus við blóðug átök, en við getum nú fagnað meira en 200 ára friðsamlegri sambúð landa okkar. Að gefa og taka, að finna hagnýtar lausnir sem koma öllum aðilum til góða er á meðal einkennismerkja okkar, og við erum stolt af því að mikilsvirtir Norðurlandabúar hafa fengið að taka þátt í að miðla málum milli stríðandi fylkinga á síðustu árum. Norðurlönd vilja láta til sín taka í friðargæslusamtökum. Við trúum því að með því að aðstoða þá sem standa höllum fæti í heiminum gerum við heiminn betri. Í Noregi er friðarverðlaunum úthlutað á hverju ári í minningu Alfreds Nobels.

Lýsa má svonefndu norrænu líkani þannig að það felst í getu til að gera stöðugar umbætur til að takast á við úrlausnarefni samtímans. Ýmsar fyrri umbyltingar hafa snert allan almenning, til dæmis í tengslum við siðaskiptin og stofnun lýðhreyfinga, þar á meðal verkalýðshreyfingarinnar, en fljótlega fóru allir að standa vörð um norræna líkanið. Í norrænu líkani nútímans felst að opinberi geirinn sér almenningi fyrir velferðarþjónustu og félagslegu öryggisneti. Vinnumarkaðurinn stjórnast að miklu leyti af kjarasamningum milli aðila vinnumarkaðarins. Norræna líkanið og traust staða ríkisfjármála hefur skapað grundvöll fyrir góðum og jöfnum lífskjörum, háu atvinnustigi sem einkennist af jafnrétti og af miklum fjárfestingum í menntun og rannsóknum. Markmiðið er að hvort tveggja einstaklingarnir og samfélagið geti þróast og lifað góðu lífi.^{9, 10}

Við erum auðvitað ekki ein um það að finna nýjar lausnir í velferðarmálum, en engu að síður er oft bent á norræna líkanið sem fyrirmynd, sem eins konar „ofurlíkan“¹¹ (Super model). Eitt eftirtektarvert dæmi um þetta er það hvernig mikil atvinnuþátttaka kvenna stuðlar að hvoru tveggja jafnrétti og góðum lífskjörum. Einnig er sagt að það öryggi sem fylgir félagslega öryggisnetinu stuðli að nýsköpunarkrafti á Norðurlöndum. Einstaklingar þora og geta hugsað á nýstárlegan hátt vegna þess að lífsviðurværi þeirra er ekki lagt að veði. Ókeypis menntun er grundvöllur mikillar og víðfeðmrar kunnáttu. Fjárfesting í rannsóknum, sem er einhver sú mesta í heimi, hefur skilað sér í því að við búum í nútímalegum og hátæknivæddum samfélögum hér á norðurslóðum.¹²

Á sínum tíma tóku áhugasamir einstaklingar höndum saman og mynduðu félög sem stuðluðu að þróun lýðræðisins. Í litlum samfélögum á borð við Norðurlönd þar sem er fjöldi félagasamtaka var grundvöllur fyrir flötum valdapíramíðum. Þegar unnið var að því í sameiningu að byggja upp velferðarsamfélagið var hægt að gera kröfu um að það yrði opið og gagnsætt og að mönnum yrði frjálst að tjá skoðanir sínar í ræðu og riti. Gagnsæið er skýringin á því að spillingin

9 *Behöver den nordiska modellen förändras?*, ETLA – Research Institute of the Finnish Economy & Norræna ráðherranefndin (2014).

10 *The Nordic Way*, World Economic Forum, Svenska Institutet (2012).

11 *The Nordic Countries – The next super model*, the Economist (2013).

12 *Behöver den nordiska modellen förändras?*, ETLA – Research Institute of the Finnish Economy & Norræna ráðherranefndin (2014).

er svo lítil sem raun ber vitni. Opinn aðgangur hefur leitt til trausts milli fólks, til stjórnámálanna og til réttarkerfisins – trausts sem er einstakt á heimsvísu.¹³

Þrátt fyrir að Norðurlöndin hafi hvert um sig farið sínar eigin leiðir og geri það enn – sem dæmi um það má nefna að þrjú landanna eiga aðild að Evrópusambandinu en hin ekki, þrjú landanna eiga aðild að Atlantshafsbandalaginu en hin ekki – er samstarfsviljinn óhagganlegur. Grasrótahreyfingarnar voru einnig frumkvöðlar á þessu sviði. Norrænu félögin voru stofnuð í upphafi síðustu aldar. Að loknum tveimur heimsstyrjöldum fundu menn sterkar fyrir því hversu löndin eru náin og háð hvert öðru og formlegt samstarf ríkisstjórnanna og þinganna hófst. Fljótlega, og löngu fyrr en í Evrópusamstarfinu, gaf samstarfið af sér vegabréfasamband, sameiginlegan vinnumarkað og samhæfðar lausnir í velferðarmálum.

Við höfum ekki aðeins byggt upp velferðina í samráði hvert við annað, heldur líka í sameiningu. Hvernig gætu lítil lönd á borð við löndin okkar lifað og lifað af öðruvísi? Við erum alltaf og verðum alltaf háð þekkingu, vörum og vináttu annarra.

Við höfum langa reynslu af því að starfa saman að umbótum, af því að móta samfélagsgerð sem gefur fólki kost á að lifa lífinu með reisn og þannig að það finni fyrir tilgangi og hafi tækifæri til að bæta stöðu sína. Við teljum líka að við höfum ýmislegt fram að færa þegar kemur að því að takast á við úrlausnarefni framtíðarinnar. Við getum lagt af mörkum hugmyndir og þekkingu og miðlað reynslu og nýskapandi og sjálfbærum lausnum.

Sagt hefur verið að við höfum náð eins langt og raun ber vitni með því að vera norræn, og þá er ljóst hvað við þurfum að halda áfram að vera; norræn.

Landfræðileg staðsetning okkar og saga gerir auðvitað að verkum að við höfum okkar eigið, sérstaka sjónarhorn. Kannski erum við að gera það sama og margir aðrir, en við gerum það á okkar hátt, á sameiginlegum grundvelli sem byggir einmitt á þeim þáttum sem gera okkur sterk.

- Gagnsæi og trúin á að allir hafi rétt á að koma skoðunum sínum á framfæri.
- Traust manna í milli og, þökk sé nálægðinni við valdið, einnig traust til forystufólks í samfélaginu.
- Mannúð, umburðarlyndi og trú á að allar manneskjur séu jafn mikils virði.
- Sjálfbær umsjón með náttúrunni og þróun á auðlindum hennar.
- Frumlegur hugsunarháttur þar sem unnið er með sköpunargáfu og nýsköpun.

13 *World Values Survey 2010–2014* (2014).

4. Notkun áætlunarinnar

Nú þegar markmið þess að kynna Norðurlönd á alþjóðavettvangi eru ljós og þau sameiginlegu gildi sem við viljum kynna hafa verið skilgreind vantar bara að ákveða hvað leggja eigi áherslu á að miðla upplýsingum um og hvar. Sú forgangsröðun á ekki að standa í vegi fyrir öðru starfi en boðskapurinn verður sterkari ef hann er samhæfður og það er forsenda þess að hægt sé að styrkja stöðu sína í boðskiptasamfélagi nútímans.

Hér verða nefnd þau atriði sem ákveðið hefur verið að leggja áherslu á nú og er það vítt úrval þátta sem opinberir aðilar og einkaaðilar telja að vert sé að kynna.

4.1 Áherslusvið í kynningarstarfi

Þau svið sem kynnt verða á gildistíma áætlunarinnar hafa verið valin á grundvelli almennra pólitískra áherslna í norrænu samstarfi, en þær eru um þessar mundir *Sjálfbær norræn velferð* og *Grænn vöxtur*, og á grundvelli pólitískra áherslna landanna. Úrvalið mótast einnig að nokkru leyti af þeim stórverkefnum á menningarsviðinu sem ráðist hefur verið í. Áherslurnar eiga að vekja athygli á sviðum sem frá sjónarhóli Norðurlanda er hægt að þróa í samráði við umheiminn. Þær byggjast einkum á tvenns konar forsendum:

- 1 Hvað Norðurlönd geta boðið umheiminum.
- 2 Hvernig tengslin við umheiminn geta komið Norðurlöndum að gagni.

Sum verkefni geta tengst einu áherslusviði, önnur geta tengst fleiri sviðum eða jafnvel þeim öllum.

4.1.1 Norræna líkanið

Eftir fjármálakreppuna 2008 hefur áhugi umheimsins á hinu svonefnda norræna líkani aukist verulega. Í stuttu máli byggir líkanið á traustri stöðu ríkisfjármála sem meðal annars er nýtt til að skapa forsendur fyrir góðum og jöfnum lífskjörum, á velferð og félagslegu öryggi sem grundvallast á jafnrétti, á vinnumarkaði sem að miklu leyti stjórnast af kjarasamningum milli aðila vinnumarkaðarins, og á miklum fjárfestingum í menntun og rannsóknum.

Norræna líkanið sýnir að jafnrétti leiðir til mikillar atvinnuþátttöku og til atvinnulífs sem býður upp á gott líf að vinnudegi loknum. Og að opið samfélag þar sem mikið traust er ráðandi ýtir undir nýja og skapandi hugsun. Styrkur norræna líkansins býr í því að það getur, eins og ítrekað hefur sýnt sig, gripið til virkra umbóta til að takast á við úrlausnarefni samtímans. Sveigjanleiki.

Líkanið byggir líka á því að taka virka afstöðu gagnvart umheiminum og á þeirri sannfæringu að stöðugleiki sé til hagsbóta fyrir viðskipti, þekkingaröflun, gagnkvæman menningarskilning og sjálfbæra þróun.^{14, 15}

Norræna líkanið þróast í samhljómi við umheiminn og við trúum því að það geti boðið upp á lausnir á viðfangsefnum framtíðarinnar í alþjóðlegu samhengi. Þess vegna viljum við kynna það og gera það enn þekktara, hvort tveggja einstaka þætti þess og líkanið í heild.

4.1.2 Norðurlönd sem þekkingarsamfélag

Hátt menntunarstig er mikilvægur þáttur í þeirri stöðu sem Norðurlönd hafa á alþjóðavettvangi. Ókeypis menntun gefur einstaklingum tækifæri til að auka kunnáttu sína og það styrkir samkeppnishæfni atvinnulífsins. Fræðimenn og aðrir þeir sem starfa í þekkingargeiranum hafa mikil tækifæri til þróunar á sínum sérsviðum, þökk sé því að þeir hafa tækifæri til að starfa í fleiri en einu norrænu ríki. Á Norðurlöndum eru stundaðar rannsóknir í háum gæðaflokki á mörgum sviðum, til dæmis á sviði nýrrar tækni og innviða, heilbrigðis-, umhverfis- og loftslagsmála, ekki síst hvað varðar aðstæður á norðurskautssvæðum.

Norræna þekkingarsamfélagið getur stuðlað að því að veita fleirum í heiminum grundvallarmenntun og jafnframt tekið þátt í rannsóknum í fremstu röð á heimsvísu.

Við þurfum á umheiminum að halda til þess að geta náð enn betri árangri í rannsóknum. Við ætlum að fá fleiri vísindamenn til starfa í alþjóðlegu rannsóknarumhverfi á Norðurlöndum með því að vekja athygli á þeim þróunartækifærum sem þeim bjóðast.

4.1.3 Norrænn sköpunarkraftur og nýsköpun

Það hvernig Norðurlönd raða sér í efstu sætin í alþjóðlegum samanburði á sköpunarkrafti og nýsköpun má rekja til norræna líkansins. Fjárfestingar í nýsköpun og rannsóknum eru hluti af skýringunni, en jafnframt veitir félagslega öryggisnetið mönnum tækifæri til að taka áhættu og þora að mistakast. Atvinnulífið er að miklu leyti sérhæft og hátæknivætt og mikil tækifæri eru til þróunar og til að þróast í tengslum við iðnaðinn.

Alþjóðlegt samstarf er forsenda þess að hægt sé að ná umhverfislega, efnahagslega og félagslega sjálfbærum árangri. Nokkur af þeim sviðum

14 *Behöver den nordiska modellen förändras?*
ETLA – Research Institute of the Finnish Economy & Norræna ráðherranefndin (2014).

15 *The Nordic Way*, World Economic Forum, Svenska Institutet (2012).

þar sem Norðurlönd standa sterkt og geta lagt af mörkum til þróunar eru græn tækni/Clean Tech, lífhagkerfið, stafræn tækni, frumkvöðlastarf, heilbrigði og velferð.

Staða menningarinnar á öllum stigum þjóðfélagsins og nái tengsl hennar við norræn gildi hefur stuðlað að þróun svonefndra skapandi atvinnugreina; bókmennta, kvikmynda, tónlistar, hönnunar, byggingarlistar, matarmenningar, tölvuleikja og fleiri. Líta má á menningu sem tæki til að auka hagvöxt, eins og góður árangur Norðurlanda á þessu sviði hefur sýnt um langt skeið.

Við ætlum að stuðla að því með ýmsum aðferðum – með markaðssetningu, með því að leita eftir samstarfi og með því að stunda viðskipti – að fundnar verði nýskapandi og hugvittsamar lausnir sem byggja á sjálfbærri hugsun.

4.1.4 Norræn menning og náttúra

Við sjáum heiminn frá norðlægu sjónarhorni. Það mótar heimsmynd okkar. Menningin, sem að miklu leyti er sameiginleg, er grundvöllur norræns samstarfs og hugtaksins Norðurlönd.

Gildi sem tengjast gagnsæi, þátttöku almennings og nálægð við valdið eru hluti af undirstöðu norræna líkansins. *Þetta gefur tjáningarmyndum norræns samstarfs sérkenni sem umheimurinn heillast af í síauknum mæli um þessar mundir. Merki þessa má sjá í hugtökum á borð við Nordic Noir, Nordic Design, New Nordic Food og The Nordic Music Wonder.*

Sögulega sterk tengsl Norðurlandabúa við náttúruna og þau tengsl við umhverfið sem þau hafa skapað gegnsýra menninguna en jafnframt tengslin við náttúruna í sjálfu sér. *Í samspili milli menningar, náttúru og samfélagslegrar ábyrgðar reynum við að sinna þessari arfleifð vel. Sameiginleg ábyrgð okkar á auðlindum náttúru og manna mótar ákvarðanatöku í atvinnulífi og stjórnámálum.*

Á Norðurlöndum er nóg pláss. Þar eru víðáttur, há fjöll, stórir skógar og víðáttumikil hafsvæði og menn geta varið miklum tíma í að njóta náttúrunnar þökk sé vinnumarkaðslíkani sem rúmar bæði vinnu og frítíma. Sjálfbær hugsun þar sem manneskjan er í fyrirrúmi hefur áhrif á stjórn málin í heild.

Menningin og náttúran leika lykilhlutverk í kynningunni á Norðurlöndum. Hvort tveggja segir söguna af okkur sem búum hér og frá því að þeim sem hingað flytja sé velkomið að verða hluti af því sem stendur vörð um okkar stað á jörðinni. Við bjóðum upp á allt litróf menningar- og náttúruupplifana fyrir ferðamenn sem hingað koma og við vonum að þegar heim er komið verði þeir erindrekar þess sem við erum og þess sem við stöndum fyrir.

4.1.5 Önnur starfsemi

Athugið að þó að nokkur stórverkefni hafi verið valin útilokar það ekki að unnið verði að öðrum verkefnum í löndunum, í einstökum atvinnugreinum eða á vettvangi norræns samstarfs. Eins og áður hefur verið tekið fram á áætlunin ekki að draga úr möguleikum einstakra landa eða aðila til að marka sér og sínu stöðu. Markmiðið með sameiginlegri norrænni áætlun um að kynna sig og marka sér stöðu er að leggja lið og efla vörumerki hvers einstaks lands með því að stuðla að því að myndin af svæðinu í heild verði skýrari og samræmdari.

4.2 Landfræðileg áherslusvæði

Kynningarstarfið á að beinast að þeim stöðum þar sem ljóst er að alþjóðleg samkeppnisstaða Norðurlanda er sterk og þar sem aukinn ávinningur næst með því að Norðurlönd kynni sig saman.

Aðilar sem tengjast tilteknum fagsviðum velja sér landssvæði eftir því hvar áhugi umheimsins liggur.

Eftirfarandi landfræðileg áherslusvæði hafa verið valin á grundvelli víðtæks umsagnarferlis í umheiminum, á Norðurlöndum og í norrænum samstarfssamtökum.

4.2.1 Grannsvæði Norðurlanda

Vert er að hlúa að því samstarfi sem er fyrir hendi. Í formlegu samstarfi Norðurlanda hefur lengi verið höfð margs konar samvinna við grannlöndin, einkum við löndin á Eyrstrasaltssvæðinu og önnur aðildarríki Evrópusambandsins. Margir aðilar á Norðurlöndum hafa nán tengsl við þessi svæði og þar er vaxandi áhugi fyrir þeim sviðum þar sem Norðurlönd standa sterkt. Þegar eru fyrir hendi tengsl við Kanada og Bandaríkin sem vert er að efla.

4.2.2 Fjarlægir markaðir

Því lengra sem komið er frá Norðurlöndum þeim mun minni verður þekkingin á einstökum norrænum löndum. Þar er gagnlegra að styðjast við hugtakið Norðurlönd og sameiginlegt átak Norðurlanda er áhrifaríkara.

Í þessu sambandi er einkum bent á BRIK-löndin (Brasilíu, Rússland, Indland og Kína) og Suður-Afríku. Áhrif þeirra á þróun alþjóðamála fara vaxandi og þau verða sífellt mikilvægari sem vettvangur fyrir langtímaverkefni á vegum Norðurlanda.

5. Markhópar

Margir aðilar koma að því að kynna og marka löndum og svæðum stöðu og því eru markhóparnir almennir og breiðir. Þess vegna verður ekki bent á einstaka markhópa hér. Hvert verkefni hefur sín sérkenni og skilgreina þarf markhóp eða markhópa þess sérstaklega. Til að geta vakið áhuga markhópsins og til að geta boðið upp á eitthvað sem hefur gildi fyrir hann þarf að þekkja þarfir hans. Þess vegna þarf að gera nákvæma athugun í tengslum við hvert kynningarverkefni í því skyni að finna rétta markhópa.¹⁶

16 Árið 2015 verða mótaðar leiðbeiningar fyrir skilgreiningu á markhópum.

6. Markmið

Í ljósi þess að áætlunin tengist breiðum hópi norrænna aðila og samstarfsaðila með mismunandi áhugasvið verður markmiðunum lýst með almennum hætti og án þess að gerð sé grein fyrir einstökum árangursmarkmiðum. Hvert alþjóðlegt kynningarverkefni verður þó að setja sér sín árangursmarkmið, fylgja þeim eftir og leggja á þau mat. Norræna ráðherranefndin sér um heildarmat og greiningu á niðurstöðunum í því skyni að efla kunnáttu á sviði alþjóðlegs kynningarstarfs.

Tilgangi og langtímamarkmiði áætlunarinnar um að efla samkeppnishæfni og alþjóðleg áhrif Norðurlanda með samræmdu kynningarstarfi sem unnið er sem hluti af sameiginlegu átaki á að ná með því að:

- Norræna ráðherranefndin taki að sér að samhæfa og koma skipulagi á verkefni sem stefna að þeim markmiðum sem fram koma í þessu skjali.
- Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar þróa vettvang fyrir upplýsingastarf með hliðsjón af áætluninni og ýmis verkfæri sem geta veitt innblástur, aðstoðað og stutt við kynningarstarf allra hagsmunaaðila.
- Norræna ráðherranefndin hafi til ráðstöfunar fjármagn sem á að verja til að gera starf að kynningarmálum sýnilegra og skilvirkara.
- Aðilar sem tengjast norrænu samstarfi og aðrir aðilar á Norðurlöndum hafi frumkvæði að verkefnum og starfi í samræmi við áætlunina.

Þetta á að skila eftirfarandi árangri:

- Auknum sýnileika, aukinni þekkingu og áhuga á Norðurlöndum og norrænu löndunum meðal helstu markhópa og á landfræðilegu áherslusvæðunum.
- Að þau sameiginlegu verkefni sem unnið verður að skili góðum árangri.
- Að hægt verði að sýna fram á að sameiginlega starfsemin sé kostnaðarhagkvæm og skili samhæfingaráhrifum.

Eftir að starfstímabili áætlunarinnar er lokið verður lagt mat á áhrif hvers verkefnis með hliðsjón af þeim markmiðum sem sett hafa verið. Niðurstöðurnar eiga að vera leiðbeinandi fyrir þau markmið sem sett verða þegar áætlunin verður uppfærð árið 2018.

7. Forsendur fyrir árangursríkum verkefnum og starfsemi

Greining á umheiminum til að finna réttar tímasetningar og rétta markhópa

Notagildið verður mest þegar ljóst er að samstarfsaðilinn á þeim stað sem valinn hefur verið hefur áhuga á og þörf fyrir samstarf. Með því að koma auga á og skilja þörfina í umheiminum er hægt að forgangsraða rétt og á réttum stöðum.

Nota skal staðbundna samstarfsaðila

Helst á að vinna að kynningarstarfinu í samstarfi við staðbundinn aðila sem hjálpar til við að koma boðskapnum á framfæri. Reynslan sýnir að trúverðugleikinn og áhrifin verða meiri þegar annar aðili vinnur samhliða að kynningarstarfinu. Sem dæmi má nefna að Kennedy-miðstöðin hafði lykilyfðingu varðandi árangurinn af Nordic Cool árið 2013.

Hugsið stærra og þvert á landamæri

Öll lönd og svæði starfa á mismunandi vettvangi og notast við alla miðla. Upplýsingakliðurinn er gríðarlegur. Samræmd og nytsamleg starfsemi með úthugsaðan boðskap krefst mikillar vinnu en hefur jafnframt meiri áhrif og skilar auknum samvirkniáhrifum.

Að hugsa til langs tíma, skipuleggja og skapa traustan grundvöll

Stakar og samhengislausar aðgerðir skila engum árangri. Þá er peningum kastað á glæ. Langtímaskipulag þar sem unnið er að mörgum ólíkum en samhæfðum verkefnum skilar árangri. Velta þarf fyrir sér tækifærum til kynningar í tengslum við alla áætlunargerð og hefja þarf samstarf snemma. Góð samhæfing milli samstarfsaðilanna er lykilatriði.

Leggið mat á árangurinn og sleppið ekki takinu

Mælingar og matsgerðir auka færni og skapa grundvöll fyrir stöðugar endurbætur. Skipti á reynslu skila meiri þekkingu ef þau fara fram á norrænum vettvangi heldur en innan eins lands. Með því að halda áfram að byggja á grundvelli þeirra tengsla sem skapast hafa við vinnu að hverju verkefni verður til gagnlegt samband til lengri tíma.

8. Fjárhagsáætlun

Frá og með árinu 2016 verður sérstakur liður á fjárhagsáætluninni til að standa straum af kostnaði í tengslum við að skilgreina, undirbúa og samhæfa stór, alþjóðleg kynningarverkefni. Ýmsir aðilar sem málið varðar, hvort tveggja í einkageiranum og hjá hinu opinbera, munu síðan aðstoða við framkvæmd þeirra.

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar sér um að halda við sérfræðipekkingu á sviði kynningarstarfs. Hún sér jafnframt um að samræma starfið og búa til sameiginlegt upplýsingaefni og hagnýt verkfæri. Stofnaður verður ráðgjafahópur til að tryggja gæði þeirra verkefna sem valin hafa verið þannig að framkvæmdin verði í samræmi við kynningaráætlunina. Í hópnum verða einstaklingar með sérfræðipekkingu frá öllum norrænu löndunum.

9. Tímaáætlun og framkvæmd

Áætlunin gildir fyrir tímabilið 2015 til 2018. Framkvæmdaáætlun tengd áætluninni og önnur hagnýt verkfæri verða uppfærð eftir þörfum, þó eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Mikilvægt er að hugsa til langs tíma og hafa samfellu í starfinu, en jafnframt er þörf á árlegri uppfærslu til að geta nýtt ný tækifæri og til að fullmóta áhersluatriði á grundvelli niðurstaðna og fenginnar reynslu.

Árið 2015 verður áætluninni hrint í framkvæmd og þau verkfæri sem á henni byggja tekin í notkun. Fyrst kemur undirbúningstímabil þar sem áætlunin verður þýdd á megintungumál norrænu landanna fimm auk ensku. Eftir það verður hún formlega send til þeirra aðila sem tekið hafa þátt í mótun áætlunarinnar, þar á meðal í tengslum við undirbúningsrannsóknina.

Á þessu stigi hefst vinnan við að þróa og skipuleggja verkfæri og annað efni sem á að hjálpa til við að kynna og marka Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi. Í öðrum áfanga áætlunarinnar verða verkfærin gerð aðgengileg á www.norden.org og tekin í notkun í samstarfsnetinu. Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar hefur umsjón með framkvæmdinni á vettvangi norræns samstarf og aðstoðar við framkvæmdina í löndunum og hjá öðrum aðilum.

9.1 Tímaáætlun fyrir framkvæmdina

- 27. október 2014: Samstarfsráðherrar Norðurlanda samþykkja áætlun um að kynna og marka Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi.
- Nóvember–desember 2014: Áætlunin þýdd yfir á norrænu tungumálin.
- Janúar 2015: Áætlunin send út til allra aðila sem henni tengjast.
- 2014–2015: Mótun efnis og verkfæra (grundvöllur fyrir upplýsingastarf, vefur, rit, tölfræðiefni, mát og önnur verkfæri).
- Mitt ár 2015: Námsstefnur haldnar í því skyni að hrinda áætluninni í framkvæmd og koma verkfærunum í notkun.
- Ákvörðun tekin um helstu verkefni sem á að ráðast í á tímabilinu 2016–2018: (athugið að Danmörk, sem fer með formenskuna árið 2015, hefur þegar tekið nokkrar ákvarðanir um áherslur).

10. Hagnýt verkfæri

Skrifstofa Norrænu ráðherranefndarinnar sér um að greiða fyrir og samræma starf í tengslum við áætlunina. Hún á að aðstoða við að tryggja gæði verkefnanna og hafa umsjón með og samhæfa hagnýt verkfæri. Markmiðið er að móta verkfæri sem veita innblástur, sem koma að gagni við og auðvelda kynningarstarf allra hagsmunaaðila. Ýmist er hægt að styðjast einvörðungu við þau eða samtvinna þau eigin boðskap og verkfærum.

Gera á eftirfarandi verkfæri aðgengileg:

Upplýsingastoð

Tilgangur upplýsingastoðar sem byggir á kynningaráætluninni er að aðstoða þátttakendur við að veita upplýsingar um Norðurlönd og miðla lifandi mynd af þeim á alþjóðavettvangi og að gera upplýsingastarfið skilvirkt. Upplýsingastoðin samanstendur af eftirfarandi hlutum:

- Almenn og stutt lýsing á styrkleikum Norðurlanda, sbr. áætlunina.
- Mát fyrir upplýsingaferli.
- Gátlisti fyrir mat á hugmyndum að framtíðarverkefnum.
- Viðmiðunarreglur fyrir árangursmarkmið.
- Viðmiðunarreglur fyrir skilgreiningu á markhópum.
- Notkun norrænu frásagnarinnar.

Framkvæmdaáætlun fyrir sameiginlegar aðgerðir

Kortlagning kynningarstarfs og starfs sem felur í sér tækifæri til að marka stöðu eða til kynningar. Einnig meðal annars kortlagning og hugsanleg samhæfing ferða sendinefnda norrænna ráðherra í því skyni að samhæfa ferðir sem hafa kynningargildi með skilvirkum hætti.

Mát fyrir stór markaðssetningarverkefni


Vel skilgreint mát sem hægt er að virkja samstundis þegar tekin er ákvörðun um að hrinda í framkvæmd stórum, alþjóðlegum kynningarverkefnum. Það verður byggt á niðurstöðum verkefnis sem unnið verður í formennskutíð Dana 2015 og á reynslunni af Nordic Cool 2013.

Ný norræn tölfræðigögn og upplýsingar um löndin

Þróað verður verkfæri til að sækja og sýna nýjustu gögn og tölfræði. Norðurlönd koma til dæmis vel út í alþjóðlegum samanburðarrannsóknnum og ráðgert er að gera þær aðgengilegar.

Yfirlit og nýjustu upplýsingar um þau svið þar sem Norðurlönd standa sterkt og frásagnir sem lýsa góðum árangri – Nordic Talking Points
Yfirlit og stutt kynning á norrænum grundvallargildum og styrkleikum sem getur hjálpað til við upplýsingastarf. Upplýsingarnar verða flokkaðar eftir áherslusviðum kynningarstarfsins.

Þekkingarbanki með reynslu af starfi sem unnið hefur verið
Í því skyni að skiptast á reynslu, greiningu og mælingum sem gerðar eru í tengslum við verkefni sem miða að því að marka Norðurlöndum stöðu og kynna þau.





norden

Norræna ráðherranefndin

Ved Stranden 18
DK-1061 København K
www.norden.org

Áætlun um að kynna og skapa Norðurlöndum stöðu á alþjóðavettvangi

Norðurlönd hafa aðdráttarafl. Um langt skeið hafa norræn sérkenni á sviði matargerðar, hönnunar, kvikmyndagerðar, tónlistar og bókmennta aflað Norðurlöndunum viðurkenningar á alþjóðavettvangi. Afrekin hafa verið unnin í öllum norrænu löndum og mörg þeirra bera norræn einkenni – eru norræn merkjavara.

Norðurlönd mörkuðu sér þó fyrst fyrir alvöru stöðu á alþjóðavettvangi í kjölfar efnahagshrunsins.

Þá sýndi norræna stjórnkerfis- og velferðarlíkanið enn einu sinni getu sína til endurnýjunar. Sum af helstu efnahagsveldum heims fóru að ræða hvort líkanið okkar geti verið höggdeyfir og aukið stöðugleika í efnahagslífi heimsins þar sem ríkir sífelld meira óöryggi.